

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Köflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

36. fundur skólanefndar F.S. var haldinn 3. apríl 1979 í
29. kennslustofu skólans.

Fundinn sóttu Gunnar Sveinsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar
Bjarnþórsson, Bergmann Þorleifsson, Hreinn Ásgrímsson,
Ingvar Jóhannsson, Jón Böðvarsson, Magnús Ingvarsson og
Einar Þórðarson.

1. Stöðvun kennslu við skólann.

Skólameistari skýrði frá að kennarar hafi samþykkt vinnustöðvun,
og kennsla hafi því fallið niður dagana 3. og 4. apríl s.l.
Orsökkin er sú að menntamálaráðuneytið hefur neitað að greiða
reikninga fyrir stundaskrárvinnu þriggja kennara: Braga
Halldórssonar, Hjalta Jóns Sveinssonar og Magnúsar Ó. Ingvarssonar,
þótt skólameistari hafi staðfest þá.

Formaður las bréf sem Kennarafélag F.S. sendi til mennta-
málaráðuneytis þar sem kennarar tilkynna að þeir muni hefja
aðgerðir 1. apríl ef reikningar verði ekki afgreiddir fyrir
þann tíma.

Lögð voru fram bréf skólameistara og svarbréf menntamálaráðu-
neytis um túlkun á reikningunum.

Magnús Ó. Ingvarsson gerði grein fyrir sjónarmiði kennara og
skýrði frá þeim aðgerðum sem hafnar væru að kennarar mættu í
skólann en ekki til kennslu.

Skólameistari skýrði frá því að hann hefði farið fram á tveggja
daga frest á aðgerðum en þeirri ósk verið hafnað.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt: "Fundurinn harmar þá stöðu
sem komin er upp milli kennara og menntamálaráðuneytisins
vegna greiðslu fyrir vinnu þriggja kennara, sem unnin var
21/12 1978 til 15/1 1979. Væntir skólanefndin þess að aðilar
komi sér sem fyrst saman svo kennsla geti hafist að nýju.
Skólanefndin vill taka það fram að hún ber fullt traust til
túlkunar skólameistara í þessu máli."

Skólameistari upplýsti að samningafundur væri fyrirhugaður
næsta dag, 4. apríl - og taldi líklegt að þá fyndist
lausn á deilu þessari.

2. Fjárhagsstaða skólans.

Rætt var um fjárhagsstöðu skólans og skýrði formaður frá viðræðum við Örlyg Geirsson varðandi viðbótargreiðslu til reksturs skólans. - Samþykkti Örlygur Geirsson að hækka framlag ríkis um 1.000.000-kr á mánuði.

- Er það því 2.000.000-kr. nú.

Einnig var rætt um framtíðarfyrirkomulag á fjárhagslegum rekstri skólans.

Samþykkt var að fresta ákvörðun þar til fyrir lægi uppgjör skólans við ríkissjóð fyrir árin 1976 - 1978.

3. Leiga á skólahúsnæði til pólitískra flokka.

Samþykkt var með 5 atkvæðum á móti 1 að synja beiðni aðila utan skólans sem sótt hafa um leigu á skólahúsnæði fyrir stjórnmalafund.

Samþykkt var samhljóða að beina því til aðstoðarskólameistara að hann hraðaði samningu reglugerðar um notkun skólahúsnæðisins.

4. Önnur mál.

Skólameistari lagði fram bréf menntamálaráðuneytis um starfrækslu öldungadeildar F.S. þar sem tilkynnt er kostnaðarskiptingin - 1/3 ríki, 1/3 nemendur og 1/3 sveitarfélög.

Skólameistari og formaður skrifuðu svarbréf þar sem þeir mótmæltu þessu, samanber meðfylgjandi bréf.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Einar Þórðarson, fundarritari.